



Komið með hjörðina niður hliðarnar í Álsey.

Vestmannaeyjar:

Eyjabændur rétta

Vestmannaeyjum.

FJÁRBÆNDUR í Eyjum réttuðu margir um helgina. Á sunnudag var réttað í þremur úteyjum og fé flutt til lands. Bændurnir voru ánægðir með féð sem þeir sögðu vera vænt og fallegt.

Fjárbændur í Eyjum eru allir frístundabændur. Margir þeirra hafa fé á beit í úteyjunum allan ársins hring. Á sunnudag var réttað í þremur eyjanna, Bjarnarey, Álsey og Suðurey. Áður hafði verið réttað í Elliðaey og þaðan flutt 240 fjár til lands, bæði lömb og fullorðin fé. Þá er búið að rétta í Ystakletti en réttir á heimalandinu og í Heimakletti verða næstu daga.

Suðureyingar fluttu til lands á sunnudag 35 lömb og sauði en eftir í eyinni urðu 30 til 40 sem ganga munu þar úti í vetur. Bjarnareyingar fluttu 25 lömb og fjórar fullorðnar rollur til lands en skildu eftir milli 30 og 40 fjár til vetursetu.

Úr Álsey voru flutt 70 lömb

og nokkrar fullorðnar rollur. Þá voru hrútarnir teknir í land en þeir munu þó verða fluttir út á ný í desember til þess að sinna kalli náttúrunnar þegar fengitíminn fer í hönd. 40 ær voru settar á vetrarsetu í Álsey.

Gunnar Árnason, bóndi í Álsey, var ánægður með lömb sín eftir sumarið og sagði þau feit og falleg. Gunnar hefur stundað fjárbúskap í Álsey síðustu 12 árin og ávallt fengið falleg lömb. „Þetta var vel í meðallagi hjá mér núna. Ég hef þó séð þau fallegri eftir sumarið en ég er ánægður með minn hlut því strákarnir sögðu að lömbin úr Suðurey hefðu verið bölvadur kettlingar miðað við mín,“ sagði Gunnar. Hann segist stunda bú-

skapinn sér til skemmtunar enda sé þetta bara tómstundagaman. „Blessaður, ég er ánægður ef ég slepp fyrir horn með kostnaðinn af þessu og fæ í soðið. Þetta er mikil vinna og það þarf mannskap við þessa flutninga.

Ég setti 40 hraustar og fallegar rollur á til vetrarsetu nú sem er svipað og síðast,“ sagði Gunnar.

Gunnar og smalar hans höfðu í nógu að snúast í réttinni við að tina lömbin út en þau voru síðan sett í net og slakað niður í báta sem biðu fyrir neðan og fluttu féð til lands. Gunnar gældi við hrút sinn áður en honum var slakað niður, sem hann sagði sitt upphald. Hann talaði til hans og sagði við hann að þeir ættu eftir að eiga góðar stundir saman í fjárhúsinu í vetur áður en honum yrði hleypt út á ný til að sinna jólaverkunum í Álsey.

Grímur



Lömbin hengd í blökkina sem rann með þau niður vírinn.



Morgunblaðið/Sigurgeir Jónasson

Gunnar Árnason, stórbóndi í Álsey, með eitt lamba sinna.



Dekkið á Lóðsinum fullt af fé úr Álsey og Suðurey.

ÞAÐ ER BARA BÆJARLEIÐ Í BORGARNES

HYRNAN

VIÐ BORGARFJARÐARBRÚ

*Komið við í einni glæsilegustu
þjónustumiðstöð landsins.*

Opið frá kl. 8-23.30 alla daga.

Kjörbúð með miklu matvöruúrvali - Veitingasalur - Greiðasala - Olíu- og bensínsala - Útibú Sparisjóðs Mýrasýslu - Upplýsingamiðstöð ferðamanna - Úrvals snyrtiaðstaða með skiptiborði fyrir kornabörn.

KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA – OLÍUFÉLAGIÐ HF.